

6. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 26. mars 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2018.

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2018. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 85.086.450. Rekstrargjöld ársins eru kr. 53.519.738. Afskriftir eru kr. 8.887.821. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 1.759.444. Hagnaður ársins eftir skatta er kr. 13.053.735. Fjárfesting ársins var rúmar 9,2 millj. Veitustjórn lýsir yfir ánægju sinni að þrátt fyrir góða afkomu sé gjaldskrá Hitaveitunnar sú lægsta á landinu sé tekið tillit til allra gjaldskrártaxta Hitaveitunnar. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

2. Ársreikningur Hrunaljóss 2018.

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2018. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 651.582. Rekstrargjöld ársins eru kr. 300.295. Afskriftir eru kr. 1.048.948. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 2.626.415. Tap ársins er kr. 3.324.076. Fjárfesting ársins voru tæpar 65,8 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Fjarskiptasjóður. Styrkúthlutun.

Jón fór yfir tilboð Fjarskiptasjóðs vegna styrkveitinga á lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi. Um er að ræða styrk vegna seinni hluta verkefnisins. Styrkurinn hljóðar samtals upp á kr. 32.438.709 sem á að greiðast út með jöfnum greiðslum á árunum 2019, 2020 og 2021. Gengið hefur verið frá samningi við Fjarskiptasjóð á grundvelli þessa tilboðs.

4. Hreinsistöð á Flúðum.

Hannibal fór yfir stöðu á vinnu við að koma fyrir hreinsistöð neðan við Félagsheimilið. Farið var í verðkönnun vegna vinnunar og voru Fögrusteinar ehf með lægstu einingarverðin. Gert er ráð fyrir að vinnan klárast um mánaðarmótin maí/júní.

5. Saurbær. Aðstöðuhús.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu á vinnu við að koma upp aðstöðuhúsi fyrir vinnslu á seyru á Saurbæ á Flúðum en verkefnið er unnið í samstarfi við sveitarfélögin í Uppsveitum, Flóa og Ásahrepps. Landstólpi ehf var lægstbjóðandi í aðstöðuhúsið og verið er að klára vinnu við að fá verð í vinnu við grunn og byggingarstjórn.

6. Skýrsla veitustjóra.

Jón fór yfir vinnu við gerð ársreiknings út af vatnsveitu og fráveitu en upplýsingar um reksturinn verða lagðar fram á næsta veitustjórnarfundi.

Hannibal fór yfir stöðu varðandi Kópsvatnsvirkjun. Verið er að klára vinnu við samninga milli Flúðaorku ehf og Hitaveitunnar um húsið en nú liggur fyrir kostnaður vegna byggingarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:30.